

18. apríl 2008

SI-40337

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. apríl 2008 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, 476. mál, viðskipti með verðbréf í erlendri mynt.

Til að eyða sem fyrst óvissu um það hvaða reglur gilda um uppgjör íslenskra verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt eru í frumvarpinu gerðar tillögur um þær lágmarksbreytingar á 15. gr. laga nr. 131/1997 sem gera þarf til þess að tryggt sé að tilhögun uppgjors á slíkum viðskiptum uppfylli ströngustu íslenskar og alþjóðlegar kröfur um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslukerfa og jafnframt að sá aðili sem vera skal bakhjarl endanlegs greiðsluuppgjors hafi öruggan aðgang að fjármunum í skráningargjaldmiðli verðbréfanna sem um er að ræða hverju sinni.

Seðlabanki Íslands átti fulltrúa í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri